

**GJALDSKRÁ**

fyrir notkun raforku í Borgarneskaupþúni.

10

23. jan.

## 1. gr.

Verð á raforku um mæla skal vera eins og hér segir:

- a. Til ljósa í íbúðarhúsum: 80 aurar fyrir hverja kilowattstund.
- b. Til ljósa í verzlunarhúsum, sölubúðum, sláturhúsum, frystihúsum, fiskhúsum, vinnustofum, skólum, samkomuhúsum, benzíngeymum, hafnarbryggjum og hafnarhúsum: 170 aurar fyrir hverja kilowattstund.
- c. Til véla: 60 aurar fyrir hverja kilowattstund.
- d. Leiga fyrir kilowattmæla rafveitunnar skal vera kr. 2.00 fyrir hvern ársfjórðung.
- e. Verð á raforku til götulysinga og til hleðslu á rafgeymum, ákveður hreppsnefnd fyrir hvert ár í senn.

Hreppsnefnd hefir heimild til að lækka gjöld þessi um allt að 25%.

## 2. gr.

Gjöld fyrir raforku greiðist mánaðarlega um leið og lesið er af mælum. Sé gjald fyrir raforku eða mæli ekki greitt innan 14 daga frá gjalddaga, má rjúfa samband við veitu hlutaðeigandi notanda, þó ekki fyrr en 3 dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis hefir verið birt á heimili hans.

Gjöld til rafveitunnar má taka lögtaki.

## 3. gr.

Með gjaldskrá þessari er numin úr gildi gjaldskrá nr. 25, frá 25. marz 1935, fyrir notkun raforku í Borgarneskaupþúni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi 1. febrúar 1939 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. janúar 1939.*

**Skúli Guðmundsson.**

*Páll Pálmason.*

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Jónasar Jónassonar“, 11  
úttefin á venjulegan hátt að mandatunum 24. janúar 1939 af dóms- og kirkjumálaráð- 24. jan.  
herra. Skipulagsskráin er þannig:

**SKIPULAGSSKRÁ**

fyrir minningarsjóð um Jónas Jónasson, fyrrverandi lögregluþjón,  
Framnesvegi 19 í Reykjavík, sem andaðist 17. júlí 1938.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jónasar Jónassonar.

## 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Blindravinafélagi Íslands, Reykjavík, af eftirlátnum eignum Jónasar sáluga Jónassonar, fyrrverandi lögregluþjóns, Framnesvegi 19,

- 11 24. jan. Reykjavík, en með arfleiðsluskrá, dagsettri 18. janúar 1934, gerði Jónas Þá ráðstöfun eigna sinna eftir sinn dag, að þær skyldu allar, þó með takmörkun þeirri, er getur í 13. gr., renna til Blindravinafélags Íslands, og skyldi það stofna af þeim sérstakan sjóð, er bæri nafn hans. — Er sjóðurinn stofnaður samkvæmt arfleiðsluskránni og skipulagsskrá þessi sniðin eftir fyrirmælum skrárinnar.

### 3. gr.

Stofnfé sjóðsins nemur samkvæmt mati, framkvæmdu í skiptarétti Reykjavíkur þann 29. júlí 1938, á öllum eignum dánarbús Jónasar sáluga, föstum og lausum, að frádregnum skuldum dánarbúsins og erfðafjárskatti, kr. 31246.67, og er það þegar afhent stjórn Blindravinafélags Íslands, sem síðar afhendir það sjóðsstjórninni, þegar hún er fullskipuð.

### 4. gr.

Stofnfé sjóðsins má ekki skerða, og skal sjóðurinn, eins og hann er á hverjum tíma, ávaxtaður á jafn tryggan hátt og um fé ómyndugra væri að ræða. Áskotnist sjóðnum síðar einhverjar eignir, skulu þær lagðar við höfuðstól hans.

### 5. gr.

Einn tíundi ( $\frac{1}{10}$ ) hluti af vöxtum sjóðsins, eins og hann er á hverjum tíma, skal árlega lagður við höfuðstólinn, en níu tíundu ( $\frac{9}{10}$ ) hlutum vaxtanna má verja í samræmi við tilgang Blindravinafélags Íslands, sem er að leitast við á sem flestan hátt að hjálpa og hlynna að blindum mönnum hér á landi, ungum og gömlum.

### 6. gr.

Stjórn sjóðsins, alla umsjón hans og reikningshald annast þrír menn, formaður, gjaldkeri og ritari. Skulu tveir kosnir af stjórn Blindravinafélags Íslands og einn tilnefndur af lögmanninum í Reykjavík.

Sjóðsstjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Sjóðsstjórnin skal kosin og tilnefnd í marzmánuði til þriggja ára í senn.

Samtímis og til sama tíma kýs stjórn Blindravinafélags Íslands tvo menn til að endurskoða árlega reikninga sjóðsins.

Kjörtímabil fyrstu stjórnar og endurskoðenda sjóðsins skal vera þar til í marz 1942. Fari einhver úr stjórn sjóðsins, áður en kjörtímabilinu lýkur, skal sá aðili, er hefir kosið eða tilnefnt hann, kjósa eða tilnefna annan í hans stað til loka kjörtímabilsins.

### 7. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, aðalefni úr erindum til stjórnar sjóðsins og svörum hennar við þeim, svo og samþykktir og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins.

Ennfremur ber sjóðsstjórninni að halda bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikninga sjóðsins, og skulu þeir þar undirritaðir af sjóðsstjórn og endurskoðendum.

### 8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skulu reikningar fullgerðir fyrir lok janúarmánaðar næst á eftir. Skulu þeir síðan með árituðum athugasemdum endurskoðenda, lagðir fram á fundi stjórnar Blindravinafélags Íslands til úrskurðar og samþykktar, og síðan birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

### 9. gr.

Heimilt er stjórn Blindravinafélags Íslands að breyta skipulagsskrá þessari að svo miklu leyti, sem breytingarnar samræmast ákvæðum framangreindrar arfleiðsluskrár.

## 10. gr.

Hætti Blindravinafélag Íslands störfum, skulu lögmaðurinn í Reykjavík, landlæknir og fræðslumálastjóri koma í stað stjórnar þess og taka við öllum þeim störfum, sem stjórn félagsins hefir með höndum samkvæmt ákvæðum skipulagsskrár þessarar. Verður þá sú breyting á 6. gr., að öll sjóðsstjórnin verður kosin af fyrrnefndum aðiljum, en tilnefning lögmanns samkvæmt henni fellur niður.

11

24. jan.

## 11. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari og þeim breytingum, sem gerðar kunna að verða á henni skv. ákvæðum 9. greinar.

## 12. gr.

Sjóðurinn skal þegar taka til starfa, er skipulagsskráin hefir verið staðfest.

## 13. gr.

Ákvæði um stundarsakir. Á meðan ráðskona Jónasar sáluga, Ingveldur Guðmundsdóttir, Framnesvegi 19, Reykjavík, lifir, skal hún, samkvæmt ákvæðum arfleiðsluskrárinnar og sérstökum samningi milli hennar og stjórnar Blindravinafélags Íslands, dags. 26. nóv. 1938, hafa ókeypiss afnotarétt af húseigninni nr. 19 við Framnesveg, sem er meðal eigna sjóðsins, ásamt meðfylgjandi búslóð og innanstokksmunum, en greiða skal hún skatta og skyldur af eigninni og halda henni forsvaranlega við. Auk þessa skulu nefndri Ingveldi, einnig samkvæmt ákvæðum arfleiðsluskrárinnar og sammingsins frá 26. nóv. 1938, greiddar úr sjóðnum kr. 130.00 — krónur eitt hundrað og þrjátíu og 0/100 — á mánuði hverjum, meðan hún lifir.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Hagasjóð í Hraunhreppi, útgefin á 12 venjulegan hátt at mandatum 30. janúar 1939, af dóms- og kirkjumálaráðherra. 30. jan. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Hagasjóð í Hraunhreppi.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Hagasjóður. Heimili hans og starfssvið skal jafnan vera innan Hraunhrepis í Mýrasýslu.

## 2. gr.

Guðmundur Bjarnason klæðskeri, Aðalstræti 6, Reykjavík, er stofnandi sjóðsins. Árið 1932 var byrjunarstofnfé sjóðsins afhent hreppstjóranum í Hraunhreppi og síðan aukið mikið 1937 og enn meir 1938. Sjóðurinn er nú í ársbyrjun 1939 — að meðtöldum fyrirfram greiddum vöxtum (kr. 675.00) — kr. 30359.77 — þrjátíu þúsund þrjú hundruð fimmtíu og níu 77/100 krónur — í peningum og skuldabréfum og auk þess 10000 — tíu þúsund — krónur í hlutabréfum Útvegsbanka Íslands.

## 3. gr.

Sjóðurinn skal starfræktur í þrem deildum. 1. deild skal starfrækt til minningar um föður stofnandans, Bjarna Jónsson, fyrrum bónda í Haga. Deild þessi skal efla og styðja skógrækt, sandgræðslu og fóðurbrigðir. 2. deild skal starfrækt til minningar um móður stofnandans, Bjarndísi Bjarnadóttur, fyrrum húsfreyju í Haga, er var